



MENNINGARSTOFNANIR
REYKJAVÍKURBORGAR



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTADIR • HAFNARHÚS • ÁSMUNDARSAFN
www listasafnreykjavikur.is Sími 590 1200

HAFNARHÚS

Lýsir, Hugarleiftur, Erró
Leidsögn sunnud. kl. 15.00

KJARVALSSTADIR

Helgi Þorgils (frá 8.3.), Sveitungar, Kjarval
Leidsögn sunnud. kl. 15.00

ÁSMUNDARSAFN

Finnbogi Pétursson, Ásmundur Sveinsson



s. 563 1717

Upplýsingar um afgreiðslutíma:
s. 552 7545

Nýtt í bóksafninu Gerðubergi
Nettengdar tölvur fyrir almenning.

Upplýsingar í síma 557 9122
www.borgarbokasafn.is
www.bokmenntir.is



Borgarskjalasafn Reykjavíkur
www.rvk.is/borgarskjalasafn
Sími: 563 1770

LESSTOFA OG AFGREIÐSLA

opin alla virka daga kl. 10-16.



LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavik Museum of Photography

www.ljosmyndasafnreykjavikur.is
ljós-hraði - fjórir íslenskir samtímaljós-
myndarar 28. febrúar - 4. maí 2003
Afgreiðsla og skrifstofa opin virka daga
frá 10 - 16. Opnunartími sýninga virka
daga 12 - 19 og 13 - 17 um helgar.
Upplýsingar í síma 563 1790
Aðgangur ókeypis



Menningarmiðstöðin Gerðuberg
www.gerduberg.is
sími 575 7700.

Sýning: Ingibjörg Sólrún velur
verk á sýninguna Þetta vil ég sjá!

Sýning í félagsstarfi:
Ríkarður Ingibergsson sýnir tréskurð.
Sýningar opnar frá kl. 11-19
mán.-fös., kl. 13-17 lau.- sun.
Ókeypis aðgangur.
Verið velkomin



Minjasafn Reykjavíkur
Árbæjarsafn - Víðey
www.arbaejarsafn.is

Safnhús Árbæjarsafns eru lokað en boðið
er upp á leiðsögn alla mánud., miðvikud. og
föstudaga kl. 13. Einnig er tekið á móti hóp-
um eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar í
síma 577 1111. Upplýsingar um leiðsögn í
Víðey í síma 568 0535.



Orkuveita
Reykjavíkur
Minjasafn Orkuveitunnar

Minjasafn Orkuveitunnar í
Elliðaárdal er opið
sun. 15-17
og eftir samkomulagi
í s. 567 9009



hvað? hvar? hvenær?

3 4 5 6 7 8 9

Fimmtudagur

FUNDIR

12.20 Fræðslufundur Keldna
verður haldinn í bókasafni Keldna. Sigur-
björg Þorsteinsdóttir, líffræðingur á
Keldum, flytur erindi um sumarexem í
íslenskum og erlendum hestakynjum.

15.00 Fundur um viðskipti við
Ítalíu verður haldinn í fundarsalnum á
14. hæð í Húsi verslunarinnar. Í upphafi
fundarins munu Geir H. Haarde fjár-
málaráðherra og Daniele Molgora, að-
stoðarfrjármálaráðherra Ítalíu, flytja
ávrör. Fundurinn fer fram á ensku. Ekk-
ert þátttökugjald.

16.15 Dr. L. Donald Duke flytur
fyrirlestur um hagnýtingu takmarkaðra
náttúruauðlinda og tekur dæmi af
vatnabúskap í Kaliforníu. Dr. Duke er
dósent í Suður-Flórídaháskóla og Ful-
bright gistingufræðingur við Umhverfisstofn-
un HI á vormisseri 2003. Fundarstaður
er stofa 157 í húsi verkfræði- og raunvís-
indadeildar VRIL við Hjarðarhaga.

19.30 Námskeið fyrir aðstandend-
ur geðklofasjúklinga verður haldið á
vegum geðsviðs Landspítala - háskóla-
sjúkrahúss í kvöld og næsta fimmtu-
dagskvöld í húsi iðjubálfunar að
Kleppi, austan við skrifstofubýgginguna.

20.00 Málþing um atvinnu- og
velferðarmál á Suðurnesjum verður
haldið í boði Útskálaprestakalls í Safn-
aðarheimilinu Sandgerði. Yfirskrift mál-
þingsins er „Trú, velferð og stjórnmál“. Fram-
sögurereindi flytja Árni M. Mathiesen, Guðni Ágústsson, Stein-
grímur J. Sigtússon og Óssur Skarp-
héðinsson.

20.00 Biblíuskólinn við Holtaveg
gengst fyrir fræðslukvöldi um spádóms-
bók Daníels í Gamla testamentinu í húsi
KFUM og KFUK á horni Sunnuvegur og
Holtavegar í Reykjavík. Pétur Björgvin
Þorsteinson, fræðslufulltrúi Háteigs-
kirkju, fjallar um bókina.

MYNDLISTARSÝNING

Gerir hljóðið sýnilegt

Með samspili hljóðs, vatns og ljóss
reynir Finnbogi Pétursson að
myndgera hljóð á sýningu
sinni í Ásmundarsafni.

Ég sit ekkert tímunum saman
Évið sjó eða læki að hlusta á nið-
inn, heldur nota ég hljóðið fyrst og
fremst sem hráefni í myndlistina,“
segir Finnbogi Pétursson mynd-
listarmaður. „En ég hef alltaf haft
áhuga á hljóði. Þetta er eitthvað
sem ég byrjaði á sem barn, að eiga
við elektróník og hljóð. Nálgunin
er samt alltaf út frá myndlistinni.“

Finnbogi er með sýningu í
Kúlunni í Ásmundarsafni,
þar sem hann sýnir inn-
setningu sérstaklega
hannaða fyrir þetta
sérstæða rými.
Hljómburðurinn í
kúlunni er engu lík-
ur. Þar magnast
hvert hljóð svo
minnsta hvísl berst
auðveldlega milli
fólks.

„Ég byrjaði á því
að mæla eigintíðni
kúlunnar, sem reynd-
ist vera 55 til 56 rið.
Ég gerði það með því
því að búa til hljóð í
tóngjafa og hækkaði
tíðnina þangað til eigin-
hljóðmagnun verður
sem mest. Svo nota ég
hljóð á tíu riða bili, fer
fimm rið upp fyrir og
fimm rið niður fyrir
þessa eigintíðni.“

Þessi hljóð koma

FINNBOGI PÉTURSSON

Finnbogi sýnir innsetningu í Kúlunni í
Ásmundarsafni, þar sem hann reynir
að myndgera hljóð.



úr fjórum lágtíðnihátölurum, sem
Finnbogi hefur stillt upp andspæn-
is hver öðrum á jaðri kúlunnar.
„Ég beini þeim að veggjunum og
læt hljóðið þannig berast upp með-
fram veggjum kúlunnar. Hljóðinu
er síðan beint ofan í skál með
vatni, sem stendur á stöpli í miðri
kúlunni. Í stöplinum er ljós sem
lýsir í gegnum vatnið þannig
að hljóðbylgjurnar
verða í raun sýnilegar í
hvelvingunni.“

Úkoman er töfr-
andi samspil ljóss
og tóna sem leik-
ur um hvelfing-
una alla.

„Ég er
alltaf að færa
mig nær og
nær því að
myndgera
hljóðið. Ég
reyni að hafa
uppsetning-
una sem ein-
faldasta til
þess að gera
þetta aðgengi-
legra fyrir áhorf-
endur.“

gudsteinn@frettabladid.is

Allra síðustu sýningar

Aukasýningar
föstudag 7. mars
laugardag 8. mars

...Pétur Einarsson brást
hvergi í frábærri túlkun sinni
á sölumanninum...

SAB Morgunblaðinu

...sigur fyrir Leikfélag
Reykjavíkur og leik-
stjóran, Þórhildi
Þorleifsdóttur.

SA DV

20.00 Ný dögur, samtök um sorg
og sorgarviðbrögð, bjóða til samtals um
sorg í Safnaðarheimili Háteigskirkju.
Rætt verður saman í litlum hópum. Allir
eru velkomnir og aðgangur ókeypis.

20.00 Orgelnefnd og kirkjukór
Krustkirkju Landakotí heldur bíngó til
fjáröflunar fyrir viðhaldssjóð orgels kirkju-
unnar og kirkjukórsstarfið. Bíngóið fer
fram í safnaðarheimili kirkjunnar að Há-
vallagötu 14 í Reykjavík.

SÝNINGARLOK



Þórarinn Eldjárn hefur verið skáld
mánaðarins í Þjóðarbókhúðu. Sýning-
unni lýkur í dag.

LEIKLIST

20.00 Söngleikurinn Með fullri
reisu eftir Terrence McNally og Davit
Yazbek á Stóra sviði Þjóðleikhússins.

20.00 Söngleikurinn Sól og Máni
eftir Sálina hans Jóns míns og Karl Ágúst
Úlfsson á Stóra sviði Borgarleikhúss-
ins.



20.00 Maðurinn sem hélt að
konan hans væri hattur eftir Peter
Brook og Marie-Hélène Estienne á
Nýja sviði Borgarleikhússins.

Sölumaður deyr

eftir Arthur Miller • Leikstjóri: Þórhildur Þorleifsdóttir

Miðasala 568 8000

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag
Reykjavíkur